

Föstudaginn 26. apríl 1963.

Nr. 82/1962. **Ragnar Halldórsson** (Jóhannes Lárusson hdl.)
 gegn
Marteini Björgvinssyni (Örn Clausen hdl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
 Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og
 Theodór B. Lindal.

Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1962. Krefst hann þess *aðallega*, að dæmt verði, að stefndi eigi ekki rétt til umferðar um land áfrýjanda að húsinu Litlu-Brekku um heimreiðarveg jarðarinnar Kirkjubrúar. *Til vara* krefst áfrýjandi þess, að umferðarréttur stefnda um nefndan heimreiðarveg verði aðeins viðurkenndur frá fyrsta sumardeggi til fyrsta vetrardags ár hvert. *Til þrautavara* krefst áfrýjandi þess, að dæmt verði, að stefndi eigi einungis gangrétt um nefndan heimreiðarveg. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Eins og að nokkru er lýst í hinum áfrýjaða dómi, seldi þáverandi eigandi jarðarinnar Brekku nafngreindum manni hinn 2. marz 1947 á leigu spildu úr landi nefndrar jarðar, og lá landspilda þessi og liggur enn m. a. að heimakstursvegi, sem um langan aldur hefur verið sameiginlegur jörðunum Brekku og Kirkjubrú. Samkvæmt leigumálanum var landspilda þessi að visu eingöngu leigð til byggingar húss til sumardvalar, en í reynd hefur hús það, sem í upphafi var reist á landspildunni, svonefnd Litla-Brekka, verið notuð til samfelldrar dvalar. Frá upphafi hefur og viðgengizt, að eigendur Litlu-Brekku hafa haft afnot áðurnefnds sameiginlegs heimakstursvegar að Brekku og Kirkjubrú, án þess

að gagnaðgerðir, er máli skipti að lögum, hafi komið til, enda eins og á stendur um að tefla umferðarrétt fyrir eigendur Litlu-Brekku, sem á stoð í 40. gr. laga nr. 34/1947 og 16. gr. laga nr. 24/1952 svo og almennum lagarökum, þ. á m. reglum nábýlisréttar. Þótt fram sé komið, að ítakslysing samkvæmt lögum nr. 113/1952 hafi eigi verið gerð, að því er varðar jörðina Kirkjubrú, geta ákvæði þeirra laga eigi hnekkt slíkum rétti.

Þegar litið er til þess, sem nú hefur verið rakið, eru eigi efni til að sinna aðalkröfu áfrýjanda. Eins og beitingu umferðarréttarins hefur verið háttað, geta vara- og þrautavarakröfur áfrýjanda heldur ekki orðið teknar til greina.

Í Hæstarétti hefur verið lagður fram samningur milli eigenda Brekku og Kirkjubrúar, dags. 4. apríl 1963, sem að meginefni er svohljóðandi:

„ Ég Ragnar Halldórsson, eigandi og ábúandi Kirkjubrúar, skuldbind mig til að leggja til ókeypis land undir veg við vesturmörk jarðar minnar, Kirkjubrúar, frá nýjum sýsluvegi að núverandi heimreiðarvegi, er sé jafnbreiður honum.

Eigandi og ábúandi Brekku skal ásamt þeim öðrum, er hann kann að vilja framselja umferðarrétt um veginn, hafa til þess fullt og óskorað vald.

Sama rétt hefur og eigandi og ábúandi Kirkjubrúar, enda taki hann þá þátt í kostnaði við lagningu vegarins að einum þriðja hluta og annist viðhald hans í sama hlutfalli.

Ég Einar Hafsteinn Árnason, eigandi og ábúandi Brekku, samþykki nefnda vegarlagningu og skuldbind mig til að hafa lokið verkinu að einu ári liðnu frá dagsetningu samnings þessa.

Að nefndum ársfresti liðnum, afsala ég samkvæmt áðursögðu umferðarrétti um núverandi heimreiðarveg Kirkjubrúar.“

Ef samningur þessi verður efndur, getur að sjálfsögðu til þess komið, að stefnda beri samkvæmt reglum nábýlisréttar að hlíta breytingu á framangreindum umferðarrétti sínum um land Kirkjubrúar. Úrslit málsins verða því þau,

að stefndi verður sýknaður að svo stöddu af kröfum áfrýjanda.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 5.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Marteinn Björgvinsson, skal að svo stöddu vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Ragnars Halldórssonar, í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 5.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur áreiðar- og vettvangsdóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

20. apríl 1962.

Mál þetta, sem var dómtekið 17. þ. m., hefur Ragnar Halldórsson tollþjónn, Kirkjubrú, Bessastaðahreppi, höfðað með réttarstefnu, útg. 14. nóv. 1961, gegn Marteini Björgvinssyni, Litlu-Brekku, sama hreppi, á aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, en málið hefur verið rekið sem áreiðar- og vettvangsmál samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919.

Dómruðningi samkvæmt 16. gr., sbr. 9. gr. nefndra laga, lauk þannig, að eftir urðu sem meðdómendur Guðmann Magnússon, bóndi að Dysjum og hreppstjóri í Garðahreppi, og Björn Konráðsson, ráðsmaður að Vífilsstöðum.

Stefnandi hefur haft uppi þær dómkröfur, að viðurkennt yrði með dómi, að stefndi eigi ekki rétt til umferðar yfir land jarðarinnar Kirkjubrúar um heimreiðarveg í landi jarðarinnar að sumarbústaðnum Litlu-Brekku, svo og til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefndi hafði upphaflega uppi þær dómkröfur í greinargerð, að viðurkenndur yrði með dómi réttur hans til umferðar um nefndan heimreiðarveg um land Kirkjubrúar að bústað hans, og auk þess krafðist hann málskostnaðar. En við munnlegan flutning málsins breytti hann kröfum sínum á þá lund, að hann krafðist nú sýknu auk málskostnaðar að mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Með lóðarleigusamningi, sem dagsettur er að Brekku 28. febrúar 1947 og í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 2. marz s. á., leigði ráðherra Gunnlaugi Árnasyni, þá til heimilis að Brekku, lóð úr landi þjóðjarðarinnar Brekku í Bessastaðahreppi. Er tekið fram í lóðarleigusamningnum, að lóðin liggi í túni jarðarinnar á tún-mörkum í horninu á milli heimreiðarinnar og túns jarðarinnar Kirkjubrúar í sama hreppi. Stærð lóðarinnar er talin vera samtals 457.7 m². Var lóðin leigð til 25 ára. Leigan var ákveðin kr. 32.00 á ári og skyldi greiðast ábúanda jarðarinnar Brekku. Tekið er fram í samningi þessum, að lóðin sé leigð til byggingar sumarbústaðar aðeins til sumardvalar. Sama ár og samningur þessi var gerður, mun leigutakinn, Gunnlaugur Árnason, hafa byggt hús það, sem enn stendur á lóðinni og nefnist Litla-Brekka.

Með afsali, dags. 1. ágúst 1958, seldi hann Marteini Björgvinsyni, stefnda í máli þessu, húsið ásamt tilheyrandi leigulóðar-réttindum samkvæmt fyrrgreindum lóðarleigusamningi. Hefur stefndi búið þar síðan.

Land jarðarinnar Brekku náði áður fyrr einnig yfir land jarðarinnar Kirkjubrúar, sem varð sérstök jörð árið 1816, að því er talið er. Áður fyrr lá alfaravegurinn vestur á Álftanes um tún Brekku og einnig um tún Kirkjubrúar, eftir að Kirkjubrú varð sérstakt lögbýli. Í jarðabók Árna Magnússonar 1703 er það talinn ókostur á Brekku, að átroðningur sé af almenningsvegi.

Snemma á þessari öld hefur sú breyting orðið á, að nýr vegur hefur verið lagður fram hjá þessum býlum og hinn gamli almenningsvegur verið lagður niður, nema að því leyti sem hann er enn notaður sem heimreiðarvegur eða afleggjari frá hinum nýja almenningsvegi (sýsluvegi) að Kirkjubrú og áfram að Brekku og endar nú þar, í stað þess að halda áfram vestur að bænum Svalbarði, eins og fyrr á öldum. Heimreiðarvegurinn er um 200 m að lengd frá almenningsveginum (sýsluveginum) að Brekku. Um það bil miðja vegu liggur hann um hlað Kirkjubrúar, en miðja vegu milli Kirkjubrúar og Brekku liggur hann fram hjá Litlu-Brekku. Enginn annar vegur liggur að þessum bæjum eða sumarbúðstaðnum.

Þegar Litla-Brekka var byggð á árinu 1947, var eigandi Kirkjubrúar Sigurður Ásmundsson. Hann seldi jörðina Júlíusi Magnússyni, sem seldi hana síðan Ragnari Halldórssyni, stefnanda þessa mál, með afsali, dags. 19. júlí 1954. Hefur stefnandi búið á jörðinni síðan.

Hvergi er minnzt á umferðarrétt fyrir íbúa Litlu-Brekku í afsöllum fyrir Kirkjubrú, og sama er að segja um fyrrgreindan lóðarleigusamning, dags. 2. marz 1947, að þar er ekki minnzt á umferðarrétt um heimreiðarveginn fyrir íbúa sumarbústaðarins. Reyndin hefur orðið sú, að íbúar hússins og aðrir, sem þangað hafa átt erindi, hafa notað veginn, enda ekki um annað vegarsamband að ræða að húsinu.

Þessi notkun hefur verið látin átölulaus, allt þar til 29. ágúst s.l. að stefnandi lokaði hliði, sem var á girðingu um tún hans, með lás og bannaði stefnda umferð um veginn. Taldi hann sig nauðbeygðan til að gera þetta vegna þess, að stefndi og fjölskylda hans hafi sífellt skilið hliðið eftir opið og vegna þess, að þau hafi stuðlað að því að beina sem allra mestri og tillitslausastri umferð um veginn og safnað eftir mætti krökkum og unglingum á allskonar farartækjum, sem hafi tekið upp á ópum og óhljóðum og alls konar kersknishrópum til stefnanda og konu hans. Hann kveðst um lengri tíma hafa reynt með góðu að fá þessu aflétt, en hverri tilraun hans hafi verið mætt með vaxandi þrjózku.

Þegar stefnandi hafði læst hliðinu, kærði stefndi það til sýslumann, sem lét lögregluþjón saga sundur lásinn. Læsti þá stefnandi hliðinu á ný, en hreppstjórinn fjarlægði lásinn að boði sýslumanns. Stefnandi læsti þá enn hliðinu, en með bréfi, dags. 11. okt. 1961, krafðist stefndi, að lagt yrði lögbann við því, að stefnandi setti upp hlið, læst með hengilás, þvert yfir veginn.

Lögbannsmálið var fellt niður, en stefnandi höfðaði þá mál þetta, með stefnu, útg. 14. nóv. 1961, eins og fyrr segir.

Með dómi Hæstaréttar 17. janúar 1962 vék hinn reglulegi dómari, Björn Sveinbjörnsson, sæti í málinu, og var Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði, þá skipaður með bréfi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 2. febrúar 1962, til að fara með og dæma málið sem setudómari.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að stefndi hafi aldrei eignast neinn umferðarrétt um nefndan veg um land jarðarinnar Kirkjubrúar. Ekki sé minnzt á neinn slíkan rétt fyrri eiganda Litlu-Brekku til handa í lóðarleigusamningnum, dags. 2/3 1947, né heldur í afsalinu, sem stefndi fékk fyrir húsinu og dagsett er 1/8 1958. Ekki sé heldur minnzt á umferðarrétt fyrir Litlu-Brekku í afsali því, sem hann hefur fyrir Kirkjubrú og dagsett er 19/7 1954, né í öðrum afsöllum fyrir Kirkjubrú

og yfirleitt sé ekkert að finna þinglýst í afsals- og veðmálabókum um slíkan rétt. Telur stefnandi, að það hefði orðið að þinglýsa slíkum umferðarrétti sem kvöð á Kirkjubrú, ef hann ætti að hafa nokkuð gildi. Slíkt hafi ekki verið gert, enda sé enginn slíkur réttur til og hafi aldrei verið til. Sérstaklega tekur hann fram, að ráðherra hefði ekki haft heimild til að stofna til slíkrar kvaðar á Kirkjubrú, með því að gefa lóðarleigusamninginn út fyrir Litlu-Brekku. Enda hefði slíkt ekki verið gert og slík kvöð hafi ekki stofnast.

Þá telur stefnandi, að ófrávíkjanlegt skilyrði, sem ráðuneytið setti í samninginn, um að lóðin sé til byggingar sumarbústaðar aðeins til sumardvalar, hafi frá upphafi verið brotið og húseignin ávallt síðan notuð til stöðugar íbúðar árið um kring. Hafi búið þar fimm fjölskyldur hver fram af annarri og stundum tvær í einu.

Ennfremur telur stefnandi, að það skilyrði ráðuneytisins, að lóðin skyldi girt innan árs, hafi verið brotið. Lóðin sé ógirt enn þann dag í dag.

Stefndi heldur því fram, að umferðarréttur fyrir Litlu-Brekku hafi verið til frá upphafi og stofnast um leið og lóðarleigusamningurinn var gefinn út. Skipti ekki máli, þótt ekki hafi verið minnst á slíkan rétt í samningnum, þess hafi ekki verið þörf. Svo sjálfsagður hafi þessi réttur verið talinn. Réttur þess hafi verið afleiddur af rétti heimilisfólksins á Brekku, sem hafi óvæfngdan umferðarrétt um veginn og hafi haft hann um ómunatið. Þessi umferðarréttur, sem upphaflega hafi verið veittur Gunnlaugi Árnasyni, syni bóndans á Brekku, með fyrrgreindum lóðarleigusamningi, hafi síðan færzt yfir á sig, er hann keypti húsið. Skipti ekki mál, þótt ekki sé minnst á þennan rétt í afsali Gunnlaugs til sín, einkum þar sem þessi réttur hafi aldrei verið skjállega staðfestur. Bendir hann einnig á, að jörðin Brekka hafi verið til sem slík löngu áður en jörðin Kirkjubrú varð til og byggðist sem jörð og að heimreiðarvegurinn hafi verið notaður um aldabil og umferðarréttur jarðarinnar verið fyrir hendi sem kvöð á Kirkjubrú frá upphafi.

Þá telur stefndi, að vegurinn sé gamall almenningsvegur og hafi stefnanda þegar af þeirri ástæðu verið óheimilt að meina sér umferð um hann.

Til vara bendir stefndi á, að hagsmunir sínir að halda vegar sambandinu séu miklu meiri en hagsmunir stefnanda að fá þessa

notkun vegarins fellda niður og að þetta hagsmunasjónarmið aðiljanna eigi að leiða til þess, að hann fái haldið vegarsambandinu.

Samkvæmt vegarlögum nr. 34/1947, 40. gr., og girðingalögum nr. 24/1952, 16. gr., bar stefnanda að sækja um leyfi hreppsnefndar, áður en hann setti læst hlið á veginn. Þar sem hann sótti ekki um slíkt leyfi, voru þær aðgerðir sýslumanns að láta opna hliðið með lögregluvaldi fyllilega lögmætar. Af hálfu stefnanda var því haldið fram við munnlegan flutning málsins, að fyrrgreind lagaákvæði væru að engu hafandi, þar sem þau brytu gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar. Dómurinn getur þó ekki fallið á, að í þessum lögum felist slík takmörkun á friðhelgi eignarréttarins, að þau teljist brjóta gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar stefnandi keypti jörðina Kirkjubrú með afsali, dags. 19. júlí 1954, höfðu heimilismenn að Litlu-Brekku notað margumræddan veg um land jarðarinnar frá því að húsið var byggt á árinu 1947. Hlýtur stefnanda að hafa verið það ljóst, þegar hann keypti jörðina, að þessi notkun vegarins ætti sér stað fyrir Litlu-Brekku, enda ekki um annan veg að ræða fyrir íbúana og aðra, sem þangað eiga erindi. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt þessum rétti hafi ekki verið þinglýst, þar sem stefnanda var allt að einu kunnugt um hann. Þennan rétt hefur hann virt sjálfur þar til á síðastliðnu sumri. Má segja, að þessi réttur hafi stofnast með byggingu hússins Litlu-Brekku og að þáverandi eigandi Kirkjubrúar hafi samþykkt hann sem kvöð á jörðina með því að virða hann í framkvæmd. Það er og athyglisvert, að þessi maður, Sigurður Ásmundsson, skrifar sem vitundarvottur á lóðarleigusamninginn fyrir húsinu, og sýnir það, að honum var fullkunnugt um, að byggja átti húsið, áður en byggingarframkvæmdir hófust. Er ekki að sjá, að hann hafi haft uppi nein mótmæli þá eða síðar.

Þótt þau skilyrði í lóðarleigusamningnum, að húsið ætti að eins að notast sem sumarbústaður og að lóðin skyldi girt innan árs, hafi ekki verið virt, þykir það ekki varða því, að stefndi hafi fyrirgert þessum rétti.

Þykir því verða að taka til greina kröfu stefnda um sýknu af kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000.00.

Í aðiljaskýrslu sinni, dskj. nr. 15, kemst stefnandi svo að orði, að stefndi hafi „spanað bæði hreppstjóra og fógeta til ólöglegra

flaustursverka gegn“ sér. Þessi ummæli eru móðgandi og meiðandi fyrir þessa tvo menn, sem hér er minnzt á, og ber því að ómerkja þau ex officio.

Dómsorð:

Stefndi, Marteinn Björgvinsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ragnars Halldórssonar, í máli þessu.

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Þá greiði stefnandi stefnda kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. apríl 1963.

Nr. 9/1963.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurði Erni Hjálmtýssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Línal.

Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði annaðist, eins og rakið er í héraðsdómi, sölu á bifreið Jóhanns Stefánssonar, Skúlagötu 64 í Reykjavík, fyrir samtals kr. 91.000.00. Var andvirðið greitt ákærða með kr. 69.000.00 í peningum, vixli, að fjárhæð kr. 10.000.00, og vixli, að fjárhæð kr. 12.000.00. Í máli þessu er ákærði sóttur til refsingar samkvæmt 247. gr. laga nr. 19/1940 fyrir fjárdrátt á kr. 41.000.00 af fé þessu.

1. Af peningum þeim, sem inn komu fyrir bifreiðina, greiddi ákærði Lofti Jónssyni, Hávallagötu 13 í Reykjavík, kr. 40.000.00, „sem Jóhann skuldaði Lofti og greiðast áttu af söluverði bifreiðarinnar“, eins og segir í kæru Jóhanns